



Fundur framkvæmdaráðs Delta Kappa Gamma haldinn í stofu M102 í Háskólanum í Reykjavík 30. ágúst 2025 kl. 10:00-15:50

Fundurinn hófst með léttum morgunverði og spjalli þeirra sem sóttu fundinn. Fundarkonur voru eftirtaldar:

Frá stjórn landssambandsins

Hrund Logadóttir landsforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir 1. varaforseti, Hólmfríður Jennýar-Árnadóttir 2. varaforseti, Ingileif Ástvaldsdóttir ritari, Sigríður Heiða Bragadóttir meðstjórnandi auk Árnýjar Elíasdóttir fráfarandi landsforseta, Sigrúnu Klöru Hannesdóttur lögsögumanni og Eygló Björnsdóttur vefstjóra. Lee Ann Maginnis gjaldkeri boðaði forföll.

Frá deildum

Málfríður Þórarinsdóttir Alfa deild, Eygló Björnsdóttir Beta deild, Ásta Egilsdóttir Delta deild, Bryndís Jóna Jónsdóttir Gamma deild, Margrét Guðmundsdóttir Epsilon deild, Ólafía Þórunn Stefánsdóttir Zeta deild, Ólöf Helga Þór Eta deild, Jurgita Milleriene Þeta deild, Pernilla Rein Iota deild, Linda Hrönn Helgadóttir Kappa deild, Björg Melsted Lambda deild, Ingileif Ástvaldsdóttir Mý deild. Guðbjörg Einarsdóttir Ný deild boðaði forföll.

Frá nefndum

Hrefna Pálsdóttir menntamálanefnd, Eydís Katla Guðmundsdóttir samskipta- og útgáfunefnd, Ragný Þóra Guðjohnsen laganeftnd, Alma Dís Kristinsdóttir námsstyrkjanefnd, Sigríður Heiða Bragadóttir félags- og útbreiðslunefnd. Guðrún Edda Bentsdóttir uppstillingarneftnd boðaði forföll.

Dagskrá

1. Kveikt á kertum
2. Ávarp forseta
 - a. Kosning fundarstjóra
 - b. Fráfarandi og núverandi forsetar skiptast á nælum
3. Ný stjórn og formenn nefnda kynna sig
4. Orð til umhugsunar
5. *Öflugar í sterkum hópi - saman mótum við framtíðina* - Hólmfríður Jennýar- Árnadóttir
6. Fjárhagsáætlun - Lee Ann Maginnis gjaldkeri
7. Styrkir World Fellowship Committee - Árný Elíasdóttir fráfarandi formaður
8. Hádegisverður
9. Kynning frá menntamálanefnd - Bryndís Jóna Jónsdóttir formaður nefndarinnar
10. Vefir DKG - Eygló Björnsdóttir
11. Framkvæmdaáætlun 2025 - 2027 - Kynning
12. Framkvæmdaáætlun - Hópavinna og [skil](#)
13. Önnur mál
14. Samantekt og fundarlok

Fundargerð

1. Forseti kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og setti þar með fundinn.
2. Forseti flutti ávarp þar sem hún fór yfir skipan og hlutverk framkvæmdaráðs auk þess að rifja upp hvernig samtökin hafa fram til þessa haldið upp á 50 ára afmæli samtakanna hér á landi. Hún sagði einnig frá því að 14 íslenskar DKG konur hafi setið ráðstefnu European Forum í Brighton í sumar og að fimm stjórnarkonur hafi sótt námskeið fyrir nýjar landsstjórnir í New Orleans. Í ávarpi sínu lagði hún áherslu á mikilvægi þess að hlúð sé að aukinni menntun kvenna og hvernig það getur unnið að friði og á móti hungri og öðrum manngerðum hörmungum. Einnig áréttaði hún mikilvægi þess að grasrótarstarf samtakanna sem á sér stað í deildunum sé öflugt þannig að það skili sér til deildarkvenna með því að efla persónulegan og faglegan þroska þeirra og sjálfsöryggi.
 - a. Forseti lagði til að Vilborg Ása Bjarnadóttir 1. varaforseti samtakanna yrði fundarstjóri. Tillaga forseta var samþykkt.
 - b. Fráfarandi forseti, Árný Elíasadóttir og núverandi forseti Hrund Logadóttir skiptust á nælum.
3. Fundarstjóri, stýrði kynningu á stjórn samtakanna en stjórnin var kosin á landssambandsþingi síðast liðið vor.
4. Ingileif Ástvaldsdóttir flutti Orð til umhugsunar þar sem hún velti fyrir sér orðfæri í kringum streitu og vinnuálag auk þess að ræða jafnvægið á milli slökunar og streitu.
5. Hólmfríður Jennýar- Árnadóttir flutti erindið *Öflugar í sterkum hópi - saman mótum við framtíðina*. Sjá [glærur](#).

Í fyrri hluta erindisins rifjaði Hólmfríður upp kjarnann í starfi samtakanna og benti á nokkrar leiðir sem hægt væri að fara til að vinna að markmiðum samtakanna. Hólmfríður lagði áherslu á að hlutverk samtakanna væri þarft og mikilvægt sem aldrei fyrr og þau hafa mátt til að hafa víðtæk áhrif á menntun. Hún fjallaði einnig um hvernig hægt væri að fjölga í samtökunum 100 konur í samtökunum fram til ársins 2029 og á þann hátt að samsetning þeirra endurspegli fjölbreytileika samfélagsins og að konum þyki eftirsóknarvert að vera hluti af þessari hreyfingu sem samtökin eru.

Í seinni hluta erindisins fór hún yfir 20 mýtur um samtökin sem voru til umræðu á ráðstefnu DKG í New Orleans síðastliðið sumar. Í umræðum um þennan hluta var rætt um að hver deild ákveði eigin hefðir og fylgi þeim en þó innan þeirra marka að þær stangist ekki á við lög samtakanna. Einnig var rætt um hvernig samtökin geti myndað tengsl við kennaranema. Umræður urðu um hvernig hægt er að tengja deildir saman og deila hugmyndum á milli deilda. Í því samhengi var sagt frá örkynningum sem konur í Gamma deild hafa haldið á fundum deildarinnar þar sem konur hafa sagt frá sjálfum sér. Einnig bar á góma hvernig konum er boðið að ganga í samtökin. Sagt frá því að einstaka deildir hafa tekið saman yfirlit yfir menntun og störf deildarkvenna í þeim tilgangi að félagatalið endurspegli fjölbreytileika þeirra kvenna sem eru í fræðslustörfum. Rætt um hvernig deildirnar geta haldið utan um ástæðurnar fyrir því að konur hætti í samtökunum og kortlagt hvað hvetur konur til að starfa í samtökunum. Ein leið til þess er að formenn hafi samband símleiðis við konur sem hætta í samtökunum og skrái ástæður þess að þær hætta að starfa með þeim.

6. Í fjarveru Lee Ann Maginnis gjaldkera fór forseti yfir fjárhagsáætlun samtakanna fyrir yfirstandandi ár. Í kynningu forseta kom fram að raunstaða samtakanna er að 331 kona hefur greitt árgjald og er það fækkun um 14 konur frá því í fyrra. Þegar fjárhagsáætlun ársins hefur verið uppfærð miðað við raunstöðu þá er áætlað tap 675 000 kr. Sjá [glærur](#).
7. Árný Elíasdóttir fulltrúi Evrópu í [World Fellowship Committee](#) sagði frá markmiðum og starfi nefndarinnar. En það er að styrkja efnaminni konur til mennta. Árný Elíasdóttir leggur fram hugmyndina um að samtökin geri meira af því að veita styrki af þessu tagi. Í umræðum kom fram að ein deildanna hefur hugmynd um að deildin velji sér eina konu til að styrkja til náms. Árný benti á deildir geta líka tekið að sér að styrkja t.d. Menntasjóð Mæðrastyrksnefndar með framlagi og þannig lagt sitt af mörkum til að styðja konur til náms.
8. Hádegisverður var borinn fram á þriðju hæð í húsnæði Háskólans í Reykjavík.
9. Bryndís Jóna Jónsdóttir sagði frá starfi menntamálanefndar. Nefndin hefur ekki náð að koma saman síðan skipað var í hana. Bryndís Jóna sagði frá því að á ráðstefnunni í Brighton hefði komið fram hugmynd um að fá Louise Evans til landsins til að halda erindi á vegum samtakanna. Louise hafði haldið erindi á ráðstefnu samtakanna í Brighton. Erindið fjallaði um [kennsluefni hennar í félags- og tilfinningafærni](#). Umræður urðu um hvenær og af hvaða tilefni það gæti átt sér stað og með hvaða hætti væri hægt að fjármagna heimsókn hennar. Hugmyndin fékk jákvæðar undirtektir á fundinum og menntamálanefnd var falið að vinna áfram að framkvæmd hennar. Sjá [glærur](#).

Alma Dís Kristinsdóttir formaður námsstyrkjanefndar sagði frá starfi nefndarinnar. Hún benti á að það vanti tvær konur í nefndina. Auglýst var eftir konum til að starfa í nefndinni og formenn hvattar til að kanna hvort í deildum þeirra væru konur sem hefðu áhuga á að starfa í þeirri nefnd.

Eydís Katla Guðmundsdóttir sagði frá því að að Epsilon deildin hefði tekið að sér að manna samskipta- og útgáfunefnd og sjá um störf hennar.

Sigríður Heiða Bragadóttir formaður félags- og útbreiðslunefndar sagði frá því hvernig nefndin hyggst starfa á næstu tveimur árum.

Ragný Þóra Guðjohnsen formaður laganefndar sagði frá því að hún hefði nýlega tekið við formennsku þeirrar nefndar.

10. Eygló Björnsdóttir vefstjóri samtakanna kynnti vefinn <https://www.dkg.is>. Eygló lagði áherslu á félagatal deildanna og síður innan vefsins sem innihalda hagnýtar upplýsingar fyrir formenn deilda. Í þessu samhengi hvatti hún formenn til að senda upplýsingar um breytingar á félagatalinu til félags- og útbreiðslunefndar og vefstjóra.

Umræður urðu um hvernig uppsetning og skráning kynningar á hverri félagskonu eigi að vera. Í því sambandi var rætt um hvort ætti að tilgreina menntun félagskvenna og bent á dæmi þar sem það gæti verið hagkvæmt.

Undir þessum lið fundarins var samþykkt að deildir myndu sjá um að skrá fundi vetrarins inn á viðburðadagatal vefsins hjá hverri deild. Það gerir starf deildanna sýnilegt á forsiðu vefs samtakanna.

11. Forseti gerði grein fyrir [framkvæmdaáætlun](#) stjórnar DKG 2025-2027. Áætlunin byggir á langtímaáætlun samtakanna sem gerð var árið 2021 og gildir fyrir árin 2021-2031.

Umræður um hvort ástæða sé til að stofna síðu innan vef samtakanna þar sem haldið er utan um nöfn þeirra kvenna sem hafa verið í samtökunum og hafa fallið frá. Þessari umræðu var vísað til stjórnar til frekari útfærslu.

12. Fundarkonum var skipt í fjóra hópa sem ræddu spurningar sem forseti lagði fyrir. Hóparnir skiluðu niðurstöðum umræðunnar inn á [sameiginlegt skjal](#) sem stjórn mun vinna úr og senda fundarkonum til kynningar inni í deildum.

13. Önnur mál

- a. Lagt til að **menntun** hvernar félagskonu verði bætti við í skráningu á upplýsingum um þær inni á vef hvernar deildar og félagatali landssambandsins. Félagskonur geta valið að skrá 1-3 atriði/prófgráður undir þessum lið. Deildir hafa fram að næsta fundi framkvæmdaráðs til að safna þessum upplýsingum og að ljúka við skráninguna inni á vef samtakanna.
Tillagan var samþykkt.

14. Fundarstjóri tók saman efni fundarins og forseti slökkti á kertum og sleit fundinum.

Fleira ekki bókað og fundi lauk kl. 15:50

Gleðistund með léttum veitingum í boði samtakanna áður en fundarkonur héldu heim á leið.

Fundargerð ritaði *Ingileif Ástvaldsdóttir* ritari samtakanna 2025-2027

[Myndir frá fundinum](#)